

GIE 17.3.2019

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Heimild
1.1	Starfsemin skal vera í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Eftirlitsaðili setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja og skráir í starfsleyfi.	rlg. nr. 550/2018
1.2	Starfsleyfishafi skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir viðkomandi starfsemi, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.	rlg. nr. 550/2018
1.3	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á breytingar á starfseminni sem valda aukinni mengun eða mengunarhættu, taki nýr rekstraraðili við starfseminni eða starfsemin flytur.	rlg. nr. 550/2018
1.4	Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, ef mengun er meiri en búast mátti við, ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Um endurskoðun starfsleyfisskilyrða fer samkv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.	rlg. nr. 550/2018 14. gr.
1.5	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	lög nr. 7/1998 XVII. kafla
1.6	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni (BAT) til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	rlg. nr. 550/2018
1.7	Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, yfirborðsvatn eða sjó ber tafarlaust að tilkynna viðkomandi eftirlitsaðila.	rlg. nr. 550/2018
1.8	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	lög nr. 55/2012

GIE 17.3.2019

1.9	Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal rekstraraðili gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Sé athafnasvæði mengað eða talið mengað skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemi er hætt eða hún flutt. Komi í ljós mengun skal rekstraraðili láta hreinsa svæðið á sinn kosnað, gerist þess þörf.	rlg. nr. 550/2018
1.10	Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.	
1.11	Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðum sínum eða með öðrum aðgengilegum hætti	rlg. nr. 550/2018 viðuki IV

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Heimild
2.1	Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát. Girðingum skal vel við haldið.	rlg. nr. 737/2003 16. og 18. gr., sbr. rlg. 550/2018
2.2	Rekstraraðila ber að gæta þess að lóð og athafnasvæði mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, hlutir, búnaður og annað sem ekki tilheyrir starfseminni. Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæðinu og þannig að ekki valdi slysaættu. Bílhræjum og öðrum úrgangi skal skila reglulega til móttökustöðvar.	rlg. nr. 737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018
2.3	Rekstraraðila ber að virða það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem geymslu fyrir annað s.s. búnað eða tæki.	rgl. nr. 112/2012
2.4	Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækis eða hlutar þess lagðir bundnu og lekaheldu yfirborði með frárennsli tengdu viðeigandi mengunarvarnarbúnaði. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að athafnasvæðið sé afgirt til að hindra innsýn.	rlg. nr. 550/2018
2.5	Rekstraraðila ber að afla leyfis byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir staðsetningu olúgeyma sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	rgl. nr. 884/2017

3. MENGUNARVARNIR

		Heimild
3.1	Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.	lög nr. 7/1998.

GIE 17.3.2019

3.2	Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum eftirlitsaðila um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsibúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.	lög nr. 7/1998.
3.3	Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft-, lyktar- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna hávaða, lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er eftirlitsaðila heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	rlg. nr. 724/2008 rlg. nr. 550/2018 52. gr. og rlg. nr. 787/1999 gr. 5 og 9.
3.4	Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.	
3.5	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	rlg. nr. 798/1999 og rlg. nr. 884/2017
3.6	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	rlg. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins. Öll kælikerfi skal merkja með gerð og magni kælimiðils.	rlg. nr. 970/2013 rlg. nr. 843/2010
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	lög nr. 61/2013 rlg. nr. 888/2015
3.9	Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum rlg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.	rlg. nr. 884/2017
3.10	Þar sem eru neyslu-, húsa- eða lausageymar, sbr. skilgreiningu í rgl. 884/2017, eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.	rlg. nr. 884/2017
3.11	Eftirlitsaðili getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	rlg. nr. 884/2017

GIE 17.3.2019

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	rlg. nr. 737/2003
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	rlg. nr. 806/1999
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	rlg. nr. 798/1999 5. gr.
4.4	Spilliefni skulu meðhöndluð og geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar í viðurkennda söfnunar eða móttökustöð þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	rlg. nr. 806/1999
4.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	rlg. nr. 806/1999
4.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	rlg. nr. 806/1999 11. gr.
4.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	rlg. nr. 806/1999 og rlg. nr. 1040/2016

5. EFTIRLIT

5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	rlg. nr. 550/2018 og lög nr. 7/1998
-----	---	--

Starfsleyfisfiskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.